

Mættir voru: Ragnar Hilmarsson (RH), Gunnar Geir Halldórsson (GGH), Hallur Helgason (HH), Tryggvi Steinn Helgason (TSH), Nils Daníelsson (ND) og Áskell Fannberg (ÁF).

1. Verkaskipting stjórnar

ÁF tók að sér að vera gjaldkeri og GGH tók að sér að vera varaformaður, ND tók að vera ritari.

2. SÍL þing

Senda þarf 10 fulltrúa frá Þyt á SÍL þingið, rætt um hverjir gætu farið og RH ætlar að vera í sambandi við þá aðila.

3. Mótanefnd

Skipa þarf fulltrúa í mótanefnd, stungið uppá Friðrik Hafberg, Helga Ívarssyni, Guðmundi Ásmundssyni og Daníel Helgasyni. Ræða þarf við þessa aðila.

4. Framkvæmdir

Klára þarf fatahengi og salernisaðtöðu á neðri hæð, en þessi aðstaða á að fylgja veislusalnum. Efnistaka þarf milliloftið og fá mannskað í verkið.

ÁF talaði um að hann hafi rætt við Óla Bjarna um að vera í samstarfi við Iðnskólan í Hafnarfirði um að útbúa undirstöður fyrir svalirnar.

5. ÍBH-Hafnarfjarðarbær samningur vegna 67 ára og eldri

Borist höfðu drög að samningi milli ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar um að Hafnarfjarðarbær niðurgreiði fyrir þáttöku 67 ára og eldri þáttakanda í íþróttastarfi. Stjórn Þyts hafði engar athugasemdir við samningin.

6. Kænumót

Borist hafði tölvupóstur frá SÍL þar sem beðið er um að Þytur taki að sér eitt kænumót í viðbót. Var rætt um að halda þá kænumót á sjómannadaginn, það þarf þó að gerast í samvinnu með sjómannadagsráði. RH ætlar að svara SÍL.

7. Önnur mál:

- Árgjald: Ákveðið að halda árgjaldinu óbreyttu, þ.e. 3000 kr.
- Siglingajald: Ákveðið að siglingagjaldið væri óbreytt frá því í fyrra eða 30.000kr.
- ND greindi frá því að áhfönin á Þernu ætlaði sér að reyna endurnýja styrktarsamning við Kaupþing eða finna annan styrktaraðila. Stjórn hafði ekkert út á það að setja.